




HRAFNISTA

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2/9 2014
Málsnr:	1409070
Bréfal:	406

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
formaður
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 28. ágúst 2014.

BYGGING HJÚKRUNARÁLMMU VIÐ HRAFNISTU HAGKVÆMAST?


Hrafnistuheimilin eru ein stærsta öldrunareining landsins og er starfsemin á fimm stöðum í fjórum sveitarfélögum. Íbúar eru nú samtals um 600 og hefur starfsemin varað í rúm 55 ár. Að auki eru 300-400 aðrir aldraðir einstaklingar sem njóta þjónustunnar.


Hrafnista í Hafnarfirði er stærsta öldrunarheimili landsins með um 220 íbúa, 26 rými fyrir dagdvöl aldraðra og 10 skammtímarými. Á Hrafnistu er að finna fjölbreytta þjónustu sem hentar öldruðum vel. Sem dæmi má nefna: Hjúkrun- og lækniþjónustu, endurhæfingu, sundlaug, iðjubjálfun, líkamsræktarstöð, kaffihús, mjög fjölbreytt félagsstarf og uppakomur, prestþjónustu, mótuneyti, hárgreiðslustofu, banka, snyrtistofu, bókasafn, verslun, þvottahús, boccia-völl og pútt-völl. Starfsfólk Hrafnistu leggur mikinn metnað í að veita góða og markvissa þjónustu þannig að heimilisfólki líði sem allra best.

Á árunum 2007-2013 stóðu yfir umfangsmiklar breytingar á Hrafnistu í Reykjavík en húsið, sem tekið var í notkun 1957, var að mörgu leiti orðið barn síns tíma. Breytingunum, sem alls kostuðu rúma 2 milljarða króna, er ætlað að koma á mótis við nútíma kröfur um aðbúnað aldraðra sem og þá stefnu Hrafnistuheimilanna að vera leiðandi í málefnum aldraðra. Breytingarnar hafa gerbreytt allir aðstöðu heimilisins og þykja hafa tekist mjög vel. Á næstu árum er fyrirhugað að fara í sambærilegar breytingaframkvæmdir á Hrafnistu í Hafnarfirði, sem hóf starfsemi árið 1977.

Með bréfi þessu viljum við, enn og aftur, vekja athygli stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar á þeim kosti að nýtt hjúkrunarheimili, sem reisa á í Hafnarfirði á næstunni, verði staðsett sem sjálfstæð álma við Hrafnistu í Hafnarfirði. Innangengt yrði frá nýbyggingunni inn á núverandi Hrafnistuheimili. Miðað við kostnað við byggingu nýrra hjúkrunarheimila í dag má spara hátt í 100 milljónir í byggingakostnaði með þessari lausn þar sem aðeins þarf að reisa herbergi heimilisfólks og setustofur/miðrými en öll stoðþjónusta eins og skrifstofur, búningsklefar starfsfólks, eldhús, iðjubjálfun, sjúkrahjálfun, hárgreiðsla, fót snyrting og fleira er þegar til staðar. Þar að auki má nefna að ýmis fjölbreytt gæðþjónusta er til staðar á Hrafnistu sem varla er hægt að bjóða upp á minni heimilum eins og sundlaug auk ýmsra þeirra liða sem taldir eru upp hér að ofan. Loks er vert að geta þess að við fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði mun íbúum þar fækka. Það mun valda því að starfsemin getur auðveldlega tekið við íbúum nýrrar hjúkrunarálmu og jafnframt eru nú þegar til fjárheimildir fyrir rekstri flestra rýmanna hjá ríkissjóði. Til fróðleiks má geta þess að byggingarkostnaður á nýju hjúkrunarrými er rekstrarkostnaður þess í aðeins 2-3 ár. Undirritaðir hefðu fullan hug á að eiga fund með ykkur til frekari upplýsinga um málið.

Virðingarfyllt,


Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna


Guðmundur Hallvarðsson
Stjórnarformaður
Hrafnistuheimilanna

